



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2011.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra (eimbýli), 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 239 – 214. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp er varðar breytingu á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Ætlunin með frumvarpinu er að gera öllum þeim öldruðum sem dveljast á hjúkrunarheimilum kleift að búa í einbýli óski þeir þess.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpi þessu og telur að með breytingunum verði ekki aðeins komið til móts við kröfur aldraðra um að vera ekki þvingaðir til þess að deila herbergi með öðrum heldur sé hér stigið stórt skref í átt að verndun réttar þeirra til friðhelgis einkalífs síns sem sbr. 71. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Mannréttindaskrifstofan vill hins vegar benda á að tryggja verður einnig vernd fjölskyldulífsins samkvæmt sama ákvæði stjórnarskrárinnar með því að gera hjónum og sambúðarfólki kleift að búa saman á hjúkrunar- eða dvalarheimilum óski þau þess. Meta ætti þörf á slíku og bjóða upp á ákveðinn fjölda og tegundir fjölbýla en ekki útrýma fjölbýlisforminu algerlega.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri